# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 310/1994, um endurgreiðslu eða niðurfellingu tolls og vörugjalds af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Niðurfelling eða endurgreiðsla gjalda samkvæmt reglugerð þessari er bundin við vörur sem tilgreindar eru hér að neðan og flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum:

| | |
|---|---|
| 0602.1000 | Græðlingar og gróðurkvistir, án róta. |
| Úr 0602.4000 | Rósir, einnig ágræddar, sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar í gróðurhúsi til afskurðar. |
| Úr 0602.3000<br>0602.4000<br>0602.9020<br>0602.9030<br>0602.9059<br>0602.9070<br>0602.9091 og<br>0602.9092 | Sáðplöntur, græðlingar og smáplöntur pottlausar eða í pottum eða bakkahólfum sem eru 6,5 cm í þvermál eða minni sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar í gróðurhúsi í a.m.k. 2 mánuði fyrir sölu, þó ekki stórar úrslegnar plöntur og rótarþvegnar plöntur. Hámarkspottastærð á ekki við um smávaxin afbrigði (mini-plöntur), kaktusa eða þykkblöðunga þar sem miða skal við ungplöntur. Hámarkspottastærð á ekki við um tegundina *Nertera granadensis*. Hámarkspottastærð á ennfremur ekki við um alparósir (*Azalea, Rhododendron*) sem fluttar eru inn á tímabilinu 1. september til 31. október. |
| Úr 0602.2000<br>0602.3000<br>0602.4000<br>0602.9045 og<br>0602.9051 | Smáplöntur af garðplöntum (1/0, 0/1) sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar á garðplöntustöð í a.m.k. eitt sumar fyrir sölu. |
| Úr 0701.1000 | Kartöfluútsæði flutt inn á tímabilinu 1. mars til 30. apríl. |
| Úr 6806.1009 | Steinull, sérstaklega gerð til framleiðslu garðyrkjuafurða. |
| Úr 8539.3900 | Úrhleðsluperur, þ.e. háþrýstiperur til lýsingar í gróðurhúsum. |
| Úr 9405.1009 | Háþrýstilampar til lýsingar í gróðurhúsum. |
| Úr 9406.0009 | Forsmíðuð gróðurhús. |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 22. tölul. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 10. september 1996.*

F. h. r.
**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*